

Nd. 220. Frumvarp til laga [101. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

51. gr. laganna orðist svo:

Þingsetningu og þinglausnum skal útvarpa og sjónvarpa.

Áður en þrjár vikur eru liðnar frá þingsetningu, skulu fara fram almennar stjórn málaumræður, er skal útvarpa og/eða sjónvarpa. Skulu þær hefjast á skýrslu forsætisráðherra, og má hann tala allt að 30 mínútum. Síðan tala fulltrúar hinna þingflokka 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur, í þriðju umferð 5 mínútur.

2. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Útvarpa og/eða sjónvarpa skal umræðu um mál, ef allir þingflokkar eru sam- mála um að óska þess. Hefur þá hver flokkur 15 mínútur í fyrstu umferð, 10 mínútur í annarri umferð og 5 mínútur í þriðju umferð.

Sé umræðu ekki sjónvarpað, skal ræðutími hvers flokks í fyrstu umferð vera 20 mínútur, í annarri 10 mínútur og í þriðju 10 mínútur.

Hver þingflokkur á einu sinni á hverju þingi rétt á útvarpsumræðu um mál, þótt samþykki hinna flokkanna komi ekki til. Gilda þá sömu reglur og í 2. mgr.

3. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Myndritun, hljóðritun, kvikmyndun eða ljósmyndun í þingsölum eða á þing- pöllum er háð leyfi forseta og lýtur reglum, er hann setur.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að útvarpa eða sjónvarpa í fréttum eða fréttaukum ræðu eða ræðuhluta einstakra þingmanna.

4. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Óski Ríkisútvarpið að útvarpa og/eða sjónvarpa umræðu að verulegu leyti eða í heild, skal forseti leyfa það. Verða þá engar breytingar á fundarsköpum.

5. gr.

56. gr. laganna orðist svo:

Ríkisútvarpið skal veita þingflokkum tíma til að kynna í útvarpserindum stefnu sína og starf. Hver flokkur skal að jafnaði fá tvö slík erindi á ári, og tilnefna formenn þingflokka menn innan þings eða utan til að flytja þau.

Erindi þessi skulu vera 20 mínútur hvert. Helming þeirra skal að jafnaði flytja í janúar—febrúar, hinn helminginn í október—nóvember. Tvær vikur skulu líða milli erinda.

Ekki mega slík erindi vera nær almennum alþingis- eða sveitarstjórnarkosningum en svo, að tveir mánuðir líði á milli. Ríkisútvarpið lætur draga um röð flokkanna.

Greinargerð.

Gott samband milli þings og þjóðar er höfuðnaðsyn lýðræðislegra stjórnarháttanna. Fyrr á öldum var fyrir því séð á þann forngríska hátt, að þjóðin fjölmenni til þingstaðar og hlýddi á meðferð mála. Frásagnir af viðburðum hárust síðan frá manni til manns landshorna á milli.

Í nútíma þjóðfélagi er það fyrst og fremst hlutverk prentaðs máls, útvarps og sjónvarps að færa þjóðinni fregnir af því, sem gerist á Alþingi. Verður að skapa þessum fjöldamiðlum eins góða aðstöðu til að gegna hlutverki sínu og unnt er.

Hlut útvarps í þessu máli mætti skipta í tvennt, þingfréttir og útvarp umræðna. Um hið fyrra hefur skapast föst hefð, en um hið síðara hefur Alþingi sett lög með ákvæðum í þingskópum. Mun slík skipan vera fátíð, ef ekki einsdæmi.

Í þrjá áratugi hefur haldizt sú hefð, að Alþingi launar fastan þingfréttamann, er flytur daglega í útvarp fréttir af þingstörfum. eru þær fréttir að mestu upplestur úr þingskjölum og frásögn um gang mála á hverjum fundi, en frá umræðum er aldrei sagt. Að auki fylgdi til skamms tíma sú furðulega regla, að Ríkisútvarpið segði ekki fréttir frá Alþingi í venjulegum fréttatímum, nema af stórviðburðum eins og stjórnarskiptum.

Ríkisútvarpið hefur nú brotið þessa hlekki af sér. Fréttastjóri þess sendir menn til að fylgjast með þingfundum og segir fréttir af þeim eftir eigin mati á fréttagildi atburða. Er þetta sjálfsagður háttur, sem hafður er í öllum frjálsum löndum.

Útvarp umræðna frá Alþingi hefur þá sérstöðu, að þá gefst hlustendum tækifæri til að heyra í þingmönnum sjálfum, en röddin er veigamikill þáttur hvers persónuleika. Reglur um óhlutdrægni Ríkisútvarpsins voru til skamms tíma tulkadár svo stranglega, að starfandi stjórnámálamenn fengu fá eða engin önnur tækifæri til að tala í útvarp um landsmál en við umræður á Alþingi eða fyrir kosningar. Nú hefur orðið nokkur breyting í þessum efnum, þar eð útvarpsráð hefur á síðustu árum reynt að opna útvarpið fyrir umræðuefnum og áhugamálum þjóðarinnar á hverjum tíma, pólitískum jafnt sem ópólitískum. Stjórnámálamenn koma fram í umræðuþáttum um ýmis deilumál, blaðamenn eru látnir eiga viðtöl við þá, og fleiri slík tækifæri hafa skapast. Er hugmyndin sú, að í heild reynist þetta útvarpsefni ekki hlutdrægt í garð stjórnámálflokka eða annarra aðila, þótt ekki sé skipt hnífjafnt mínútum og sekúndum á hverju kvöldi.

Reglur þingskapa um útvarp frá Alþingi eru fyrir löngu úreltar. Bezta sönnun þess er sú staðreynd að reglunum er ekki fylgt í veigamiklu atriði. Væri því rík ástæða til að breyta þessum ákvæðum þótt það kæmi ekki til viðbótar, að ístænzkt sjónvarp hefist síðar á þessu ári, og verður nú að ákveða samband þess og Alþingis.

Núverandi háttur útvarpsumræðna gefur alþýðu manna alranga hugmynd um störf Alþingis og viðhorf alþingismanna hvers til annars. Margir þingmenn hvesa röddina og æsa sig upp í útvarpsumræðum, rétt eins og þeir væru á þingmálafundi fyrir fullum sal af fólki. Þeir gleyma því, að viðhorf áhugamanna, sem mæta á fundum, er allt annað en viðhorf mismunandi áhugasams fólks, sem situr yfir kvöldkaffi heima í stofu. Af þessu skapast hugmyndir gömlu konunnar, er kom

þar að, sem fólk hlýddi á umræður á Alþingi. Þá spurði hún: Eru þeir mjög reiðir í kvöld?

Eðlilegast væri, að nýjar reglur yrðu til í samstarfi allra þingflokka. Hefði því mátt flytja ályktunartillögu um slíka endurskoðun, en flutningsmanni þessa frv. þótti rétt að gera tillögu um breytingar til að koma umræðum af stað. Má vera, að við nánari umræðu virðist rétt að haga breytingum á einhvern annan hátt en hér er lagt til, en aðalatriði er að koma þessu máli í nútímahorf og bæta sambúð þings og þjóða.

Um einstakar greinar frv. er þetta að segja:

Um 1. gr.

Í 51. gr. núgildandi þingskapa er fyrst gert ráð fyrir, að útvarpa skuli þingsetningu og þinglausnum. Að visu ætti ekki að þurfa landslög um svo augljóst mál. Hvaða þjóðfélagsviðburðum ætti að útvarpa, ef ekki þessum tveim? Úr því að þetta ákvæði hefur verið í lögum, er rétt að það haldist, nema hvað sjónvarpi er bætt við. Ekki er víst, að Ríkisútvarpið geti sjónvarpað úr Alþingishúsinu fyrst í stað, og núverandi húsakynni munu alltaf gera það örðugt, en þó er rétt að setja ákvæði þetta strax.

Með þessu og síðari ákvæðum er tekin ákvörðun um að leyfa sjónvarp beint úr sölum Alþingis. Í mörgum löndum heims er þetta ekki leyft og í brezka þinginu hefur aldrei verið útvarpað úr þingsölum, svo að dæmi sé nefnt. Hins vegar eru til þjóðir, sem leyfa beint sjónvarp af þingi, og eru Norðurlandabjórarnar í þeirra hópi. Hefur slíkt sjónvarp reynzt svo mikilvægt, þegar stórmál hafa verið til umræðu, að óhugsandi er, að horfið verði frá því. Hér á landi virðist sjálfsagt að fara að hinum norræna sið, enda er það beint framhald af þeim reglum, sem gilt hafa um útvarp.

Í 2. mgr. 51. gr. þingskapa er ákvæði þess efnis, að útvarpa skuli framsögu-ræðu fjármálaráðherra um fjárlagafrumvarp og nokkrum ræðum á eftir. Fjármálaráðherrar tala yfirleitt 1—1½ klukkustund, og eru ræður þeirra að vonum morandi í tölum, sem eru afleitt útvarpsefni. Þær verður fólk yfirleitt að sjá á prenti til að átta sig á þeim. Fulltrúar hinna flokkanna hafa oft ekki haft tómt til að átta sig á fjárlagafrumvarpinu, er þeir verða að tala um það í útvarpsumræðu. Í þess stað flytja þeir almennar áróðursræður, sem gefa ranga mynd af meðferð Alþingis á fjárlagafrumvarpi.

Lagt er til, að þessi umræða verði felld niður, en í hennar stað komi almennar stjórn mála umræður í þingbyrjun. Yrðu þær sambærilegar við umræður, sem fram fara eftir hásetisræður í nágrannalöndum. Hér á landi mundi forsætisráðherra flytja þinginu skýrslu um ástand og horfur þjóðarinnar, og síðan færu fram almennar umræður. Er það eðlilegt í upphafi þings, þar sem að jafnaði eru liðnir 4—5 mánuðir, síðan þingi var slitið.

Rík ástæða er til að stytta ræður í útvarpsumræðum, og vafalaust verða sjónvarpsræður að vera enn styttri. Í þessum efnum er þó rétt að læra af þeirri reynslu, sem fæst á fyrstu árum sjónvarpsins. Ber að laga gamlar venjur okkar að nýrri tækni eins og unnt er.

Um 2. gr.

Í 53. gr. gildandi þingskapa er ákvæði um útvarp framhalds 1. umræðu um fjárlagafrumvarpið. Hefur þetta verið framkvæmt með tveggja kvöldu „eldhúsumræðum“, sem á síðari árum hefur verið frestað til þingloka og þær því slitnar úr sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Þetta er fellt niður og ekki gert að skyldu að hafa neina útvarpsumræðu nema þá, er greinir í 1. gr. frv.

Lagt er til, að í 53. gr. komi ákvæði sambærileg við þau, sem eru í 54., 55. og 56. gr.

Í 1. mgr. segir, að útvarpa og/eða sjónvarpa skulu umræðu í hvert sinn, sem allir þingflokkar eru sammála um að óska þess. Er ákveðinn stuttur tími, ef sjónvarpað er, en nokkru lengri tími, ef aðeins er útvarpað.

Ef meira yrði um slíkar umræður, sem flokkarnir kæmu sér saman um, mætti búast við, að þær snerust að jafnaði um eitt mál og yrðu því betri og lærdómsríkari fyrir hlustendur en hinar almennu umræður.

Ef sjónvarpsumræða tæki samtals 2 stundir með þátttöku fjögurra flokka, eða um 2½ stund í útvarpi, yrði hægt að bjóða hlustendum umræður oftari en skynsamlegt er að gera, þegar þær standa allt kvöldið eða jafnvel tvö heil kvöld fram að miðnætti.

Þá er hverjum þingflokki heimilað að fá einu sinn á þingi umræðu, þótt hinir flokkarnir samþykki ekki. Slík heimild er nauðsynleg til öryggis fyrir minnihlutaflokka, en reynsla gefur ekki ástæðu til að heimila á þennan hátt fleiri umræður á hverju þingi.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ný. Í fyrri málsgrein er tiltekið, að forseti þingsins skuli ákveða, hvort og hvenær taka megi ljósmyndir eða kvikmyndir, eða taka upp á hljóðband eða myndband, á þingfundum. Slíkar athafnir geta valdið hvímeiðum truflunum á þingstörfum, ef þær eru takmarkalausar. Mundi hentugast, að forseti setti fastar reglur, sem starfslíð þingsins gæti framkvæmt.

Seinustu missiri hefur fréttastofa Ríkisútvarpsins stöku sinnum flutt í fréttauka raddir ræðumanna beint úr þingsal, venjulega ræðukafla um mikilsverð mál. Æskilegt er, að þetta verði heimilað og mat fréttastofunnar á fréttagildi ráði efnisvalinu.

Um 4. gr.

Í þessari grein er ákvæði um mikilsverða nýjung. Er Ríkisútvarpinu heimilað að útvarpa og/eða sjónvarpa beint úr þingsal umræðu að verulegu eða öllu leyti, þegar það sjálft óskar. Gilda þá venjuleg þingsköp.

Á hinum Norðurlöndunum er þetta sú skipan sjónvarps frá þjóðþingum, sem mest tíðkast og mest þykir til koma. Mun til dæmis ekkert sjónvarpsefni hafa vakið svo mikla athygli norsku þjóðarinnar sem bein útsending á umræðum um King's Bay deilurnar frægu. Þótti það athyglisverðast við umræðurnar, að þær voru með óþvinguðu fundasniði, en ekki reyrdar í fjötra eins og útvarpsumræður eru hér á landi.

Vafalaust eru einhverjir svo tortryggir að geta ekki hugsað sér útvarps- eða sjónvarpsumræður, nema allt fari eftir stoppúri og hringt sé bjöllum, ef einhverjum skeikar.

Reynsla í grannlöndum okkar sýnir, að þar eru slíkir fjötrar ekki nauðsynlegir. Forseti notar heimild þingskapa til að raða ræðumönnum jöfnum höndum með og móti máli. Ræðumenn finna, að þeir gera sjálfum sér eða málstað sínum ógagn, ef þeir flytja óeðlilega langar ræður eða reyna að misnota aðstöðu sína á einhvern hátt. Slíkar umræður, sem hér er fjallað um, yrðu að vísu sjaldan, og þingflokkarnir gætu sett spennitreyjuna á þær með því að óska eftir útvarpi eða sjónvarpi samkvæmt 2. gr. Tilraun með óbundna umræðu yrði því í raun og veru að gerast með samþykki flokkanna. Þar að auki yrðu slíkar umræður að fara fram síðdegis, og sakar þá ekki, þótt eitthvað teygist úr þeim, því að önnur dagskrá sjónvarps verður mestöll á kvöldin.

Um 5. gr.

Flm. þessa frv. hefur oft nefnt í útvarpsráði, hvort ekki sé rétt að bjóða þingflokkunum tíma í almennri dagskrá til erinda um stefnu þeirra og starf. Er hugmyndin sú, að svo langt yrði á milli erinda, að umræður væru útilokaðar. Stjórnmalamenn yrðu því að tala rólega við hlustendur og málefnalega. Kynni þá einhverjum að skiljast, að þeir eru ekki alltaf „reiðir“.

Slíkir útvarpstímar eru mikið notaðir í Bretlandi. Hugmyndin hefur þó ekki hlotið undirtektir hér enn sem komið er. Þar eð erindin yrðu fyrst og fremst kynning á þingflokkunum, er ekki fráleitara að hafa ákvæði um þau í lögum en ýmislegt annað í þessum kafla þingskapa. Ef unnt reyndist að fá þessa tilraun gerða án lagasetningar, væri það að sjálfsögðu ekki síður æskilegt.

VIÐBÆTIR

Þau lög, sem gilt hafa um útvarp frá Alþingi, hafa haldið stjórn málaumræðum í útvarpi í þröngum stakk. Fyrir bragðið hafa Íslendingar misst af þeim möguleikum, sem útvarpstækni veitir til að flytja stjórn málaefni í margvíslegu, fróðlegu og skemmtilegu formi til hlustenda, nema hvað Ríkisútvarpið hefur gert nokkrar tilraunir í þessa átt síðustu ár.

Hér fer á eftir skrá yfir það útvarps- og sjónvarpsefni, sem danska útvarpið flutti fyrir þingkosningar haustið 1964 og er gott dæmi um fjölbreytni í þessum efnum:

- 1) **Flokkarnir kynntir.** Hver flokkur fékk eina sjónvarpsdagskrá. Flokkurinn valdi tvo menn til að svara spurningum, sem fulltrúar hinna flokkanna lögðu fyrir þá.
- 2) **Kjósendur spyrja.** Hver flokkur hlaut einn þátt í sjónvarpi og útvarpi. Kjósendur sendu útvarpinu spurningar, sem unnið var úr og þær lagðar fyrir þann fulltrúa, sem flokkurinn tilnefndi í sinn þátt.
- 3) **Stuttar útvarpsræður.** Hver flokkur fékk að flytja fjórar ræður í útvarp, 8 mínútur hverja. Ræðumaður og umræðuefni var auglýst fyrir fram.
- 4) **Ræða í „Musikradioen“.** Hver flokkur fékk að flytja eina stutta ræðu, sem var endurtekin einu sinni, í þriðju dagskrá útvarpsins, sem nefnd er „Musikradioen“, af því að hún útvarpar aðallega dægurlögum og er því talin ná til yngri kynslóðarinnar.
- 5) **Ræður í héraðsútvarp.** Sjö útvarpsstöðvar ná hver yfir sinn hluta Danmerkur. Hver flokkur fékk að útvarpa stuttum ræðum samtímis yfir allar stöðvarnar með mismunandi ræðumenn í hinum ýmsu stöðvum.

Þetta var fyrir einar kosningar. Sumir þessara dagskrárliða voru nýir og gáfust misjafnlega, aðrir vel. Spurningatímarnir voru það eina, sem eftir var af hreinum umræðufundum. Ýmsar fleiri gerðir dagskrárliða hafa verið reyndar á Norðurlöndum. Til dæmis reyndi norska útvarpið einvígi milli flokkanna. Var teft fram einum manni frá hverjum flokki í umræðu gegn einum öðrum, en úr því varð óhóflega mikill fjöldi einvíga, sem hlutu misjafna dóma.